

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. janúar 2002


Varðar: Athugasemdir v. tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannlíkamann.

Samkvæmt tillögunni er lögð fyrir Alþingi ályktun um að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannlíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Umsögn:

Við er til meðfylgjandi umsagnar Samorku, en Rafmagnsveitur ríkisins eiga aðild að þeim samtökum.

Með bestu kveðju


Magnús H. Gíslason, deildarstjóri

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 11. janúar 2002

Varðar: Athugasemdir v. tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannlíkamann.

Samkvæmt tillögunni er lögð fyrir Alþingi ályktun um að fela heilbrigðisráðherra að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannlíkamann, sérstaklega með tilliti til nýgengis krabbameins.

Umsögn:

Ísland er fámennit land og strjálbýlt og því lítið um að fólk sé búsett í mikilli nálægð við háspennulínur ólíkt því sem gerist í þéttbýlli löndum. Í þessu sambandi er bent á að samkvæmt lauslegri athugun eru um það bil 8 - 13 heimili innan við 100 m frá 220 og 132 kV háspennulínum. Mælingar á rafsegulsviði frá þessum flutningslínunum sína gildi langt undir þeim mörkum sem miðað er við í alþjóðlegum stöðlum svo sem *Cenelec ENV 50166-1*. Af ofangreindum ástæðum geta rannsóknir á rafsegulsviði hér á landi vart orðið marktækar.

Hér á landi eru háspennulínur undir 132 kV spennu nær eingöngu í strjálbýli (sveitalínur). Á síðustu árum hefur þessum línunum farið fækkandi einkum á þéttbýlli svæðum og áætlanir eru uppi um verulegt átak við endurnýjun þeirra með jarðstrengjum.

Við mælingar á rafsegulsviði umhverfis spennistöðvar í dreifikerfum hefur komið fram að segulsvið er langt undir alþjóðlegum viðmiðunarmörkum og því vandfundnar stöðvar sem uppfylla þau skilyrði sem verða að vera til staðar svo að rannsóknir verði marktækar.

Þá viljum við einnig benda á að á undanförunum árum hafa verið unnar fjölmargar umfangsmiklar rannsóknir erlendis á áhrifum lágtíðni rafsegulsviðs frá flutnings- og dreifivirkjum. Þar hafa ekki komið fram neinar vísbendingar um skaðleg áhrif þess á mannlíkamann. Kostnaður við þessar rannsóknir nemur orðið milljörðum íslenskra króna. Öllum er frjáls aðgangur að rannsóknaniðurstöðum og er vitað að íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa fylgst vel með því sem gerist á þessu sviði.

Á vegum Samorku er starfandi vinnuhópur sem fjallar um rafsegulsviðsmál. Hópurinn er skipaður fulltrúum frá orkufyrirtækjum, heilbrigðisstofnunum, ráðgjöfum og fleirum sem tengjast með einhverjum hætti þessum málaflokki. Hópurinn fylgist náið með því sem er að gerast á þessu sviði í heiminum.

Það er vandasamt að túlka rannsóknarniðurstöður og yfirlýsingar án skýringa. Í greinargerðinni virðist byggt á vafasamri túlkun þriðja aðila á rannsóknarniðurstöðum vísindamanna á áhrifum rafsegulssviðs á mannlíkamann.

Að framansögðu teljum við engar líkur á því að aðstæður séu til staðar hér á landi til þess að rannsókn sem þessi verði marktæk. Hins vegar hvetjum við heilbrigðisyfirvöld til þess að fylgjast vel með þróun þessara mála hér eftir sem hingað til.

Við leggjum til að gerð verði gerð úttekt á aðstæðum hér á landi með tilliti til þess hvort rannsókn af þessu tagi sé framkvæmanleg áður en frekari ákvarðanir verða teknar um jafn umfangsmikið verkefni og tillagan lýtur að.

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að rannsóknin nái einnig til fjarskiptamastra. Við viljum benda á að ekki er óskað umsagnar aðila sem fjalla um fjarskiptamál t.d. Póst- og fjarskiptastofnunar.

Með bestu kveðju

Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri